



# **GJALDSKRÁ**

## **fyrir mötuneyti Flúðaskóla, Skólasel og Frístund**

### **1. gr.**

#### **Um mötuneyti**

Í Flúðaskóla eiga nemendur kost á gjaldfrjálsri heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Allir nemendur eru skráðir sjálfkrafa í mat.

Nemendur í Leikskólanum Undralandi eiga kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga vikunnar. Hádegisverður og hressingar fylgja þeim vistunartíma sem viðkomandi barn er skráð í.

### **2. gr.**

#### **Um Skólasel og Frístund**

**Skólaselið** er opið fyrir börn í 1.– 4. bekk í Flúðaskóla. Vinnudagar í Skólaseli eru þeir sömu og nemendadagar í Flúðaskóla skv. skóladagatali með eftirfarandi hætti:

- Mánudaga og fimmtudaga: frá því að skóla lýkur og til kl. 13:30
- Þriðjudaga og miðvikudaga: frá því að skóla lýkur og til kl. 15:00.
- Föstudaga: ekki er skólasel á föstudögum.

Dvöl í Skólaseli er gjaldfrjáls.

**Frístund** er starfrækt fyrir sama aldurshóp í sama húsnæði með eftirfarandi hætti:

- Mánudaga: kl. 13:30 – 16:00
- Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga: kl. 15:00 - 16:00.
- Föstudaga, kl. 12:30 – 15:00.

Greitt er fyrir dvölinu skv. gjaldskrá.

### **3. gr.**

#### **Gjaldskrá**

Dvöl í Skólaseli er gjaldfrjáls. Gjald vegna mötuneytis og Frístundar er sem hér segir:

#### **Nemendur Flúðaskóla:**

|                      |           |
|----------------------|-----------|
| Hádegisverður        | 0,- kr.   |
| Ávaxtastund/hressing | 110,- kr. |

#### **Starfsmenn Hrunamannahrepps og Heimaland:**

|               |           |
|---------------|-----------|
| Hádegisverður | 740,- kr. |
|---------------|-----------|

**Nemendur Leikskólanum Undralandi:**

|                  |           |
|------------------|-----------|
| Morgunhressing   | 140,- kr. |
| Hádegisverður    | 490,- kr. |
| Síðdegishressing | 165,- kr. |

**Eldri borgarar og aðrir:**

|                   |                          |
|-------------------|--------------------------|
| Matur             | 1.000,- kr.              |
| Heimsending matar | 350,- kr. á hvern skammt |

**Gjaldskrá vegna Frístundar:**

|             |           |
|-------------|-----------|
| Stakur tími | 470,- kr. |
| Hressing    | 165,- kr. |

Á skertum dögum og uppbrotsdögum er frístund opin og greitt fyrir notaða tíma.

Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem er sótt of seint. Gjaldið er 660,- kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

**4. gr.****Skráning í þjónustu**

Hægt er að skrá barn í 1- 5 daga í Skólaseli/Frístund á viku. Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólasels og/eða Frístundar þurfa að sækja um fyrir barn/börn sín hjá ritara Flúðaskóla. Ef barn ætlar að hætta að nýta þjónustuna skal berast tilkynning frá foreldri/forráðamanni til ritara skólans fyrir 15. dag mánaðarins á undan. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

**5.gr.****Reikningar og afslættir**

Hrunamannahreppur sendir reikningvegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra. Tilkynna þarf forföll til umsjónarmanns Skólasels/Frístundar.

Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö eða fleiri börn í Skólaseli er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barn og hvert barn þar á eftir.

**6. gr.****Gildistaka**

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 8. maí 2025.

Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1 maí 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá mötuneytis og skólavistunar sem sem gilt hefur frá 1. janúar 2025.

Hrunamannahreppi, 20. nóvember 2025

Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri